

sóknar máls þessa að tryggja, að Runólfur nái ekki að tefja eða torvela rannsókn, og er af hálfu lögregluyfirvalda í Reykjavík krafist gæsluvarðhalds yfir honum í þágu rannsóknarinnar.

Verið er að rannsaka ætluð brot Runólfs Þórs gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, og getur því sök, ef sönnuð þykir, varðað fangelsisrefsingu. Þykja þannig ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu og með vísan til 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar þessarar nauðsyn til bera að gera nefndum Runólfi Þór að sæta gæsluvarðhaldi, er telst hæfilega afmarkað sem allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Runólfur Þór Jónsson, fæddur 13. apríl 1956 í Reykjavík, til heimilis að Eiríksgötu 13, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Miðvikudaginn 18. febrúar 1981.

Nr. 110/1980. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Hermanni Bridde

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Ákæra fyrir verðlagsbrot. Fyrning sakar. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einars-son og Sigurgeir Jónsson.

Ákærði var sakaður um verðlagsbrot með kæru verðlags- stjóra til verðlagsdóms Reykjavíkur 12. desember 1974. Mál- ið var tekið til rannsóknar í verðlagsdómi 18. s. m., og var

ákærði þá yfirheyrður. Ákæra var gefin út 18. apríl 1975 og birt ákærða í verðlagsdóminum 7. maí s. á. ásamt öðrum skjölum málsins. Hinn 28. s. m. var ákærða skipaður verjandi. Vitnaleiðsla fór fram í málinu í verðlagsdóminum 4. júní 1975. Í því þinghaldi óskaði verjandi ákærða eftir, að framkvæmdastjóri Landssambands bakarameistara, sem heima átti í Reykjavík, yrði kvaddur fyrir dóminn sem vitni. Næst var málið tekið fyrir í verðlagsdóminum 6. maí 1977. Á því dómþingi gerðist það eitt, að lagt var fram afrit af bréfi dómsins til skattstofu Reykjavíkur, dagsett sama dag, svo og nokkur skjöl, sem virðast hafa verið komin í hendur dóminum þegar í júní 1975. Aftur var þingað í málinu 18. maí 1977. Voru þá lögð fram skattframtöl ákærða 1975 og 1976, sem um hafði verið beðið með fyrrgreindu bréfi til skattstofunnar. Ekki gerðist annað á dómþingi þessu. Síðan var ekki þingað í málinu fyrr en 8. nóvember 1978, en þá var loks tekin skýrsla af vitni því, er verjandi ákærða hafði óskað eftir 4. júní 1975, að kæmi fyrir dóminn. Þetta þinghald hafði verið tilkynnt verjanda ákærða með bréfi dómsins 25. október 1978.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, liðu tæp tvö ár, frá því að rannsókn málsins féll niður 4. júní 1975 þar til það var tekið fyrir í dómi tvisvar sinnum í maí 1977 til að leggja fram skjöl þau, sem áður getur. Síðan leið tæplega eitt og hálf ár, uns málið var tekið fyrir að nýju, án þess að séð verði, að neitt hafi verið unnið að rannsókn þess þann tíma.

Hin löngu hlé, sem urðu á dómprófum máls þessa bæði fyrir og eftir að dómþingin 6. og 18. maí 1977 voru háð, áttu ekki rót að rekja til þess, að sakborningur kæmi sér undan rannsókni. Þegar framangreindur rannsóknarferill er virtur, verður að telja sök fyrnda samkvæmt 1. tl. 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar ber að dæma á hendur ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 3.500.00 krónur (nýkr.).

Vita ber hina óhæfilegu meðferð máls þessa í héraði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hermann Bridde, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 20. júlí 1979.

Ár 1979, föstudaginn 20. júlí, er í verðlagsdómi Reykjavíkur, sem haldinn er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara og Gunnari Eydal héraðsdómslögmanni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 262/1979: Ákæruvaldið gegn Hermann Bridde, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 18. apríl 1975, gegn „Hermann Bridde bakaramleistara, Egilsgötu 12 í Reykjavík, fæddum þar í borg 16. maí 1927, fyrir verðlagsbrot með því að hafa eftir 31. október 1974 selt í bakaríi sínu að Háaleitisbraut 58-60 í Reykjavík snúða á kr. 20.00 hvert stykki í stað kr. 16.00, sem var hámarksverð samkvæmt verðlista Landssambands bakaramleistara, samþykktum af verðlagsstjóra 31. október 1974, og runnstykki m/birki á kr. 15.00 í stað kr. 10.00, sem var hámarksverð samkvæmt sama verðlista.

Telst þetta varða við 3. gr., sbr. 4. gr., sbr. 20. gr. laga um verðlagsmál nr. 54/1960, sbr. tilkynningu verðlagsstjóra nr. 39 30. október 1974, sbr. áðurnefndan verðlista Landssambands bakaramleistara 31. október 1974, og 11. gr., sbr. 12. gr. bráðabirgðalaga nr. 88 24. september 1974 um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku ólöglegs ágóða samkvæmt 3. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum samkvæmt sakavottorði frá 4. f. m. sem hér greinir:

1944 27/11 í Reykjavík: Sátt, 15 kr. sekt fyrir brot á reglum um einstefnuakstur og ljósleysi á reiðhjóli.

1948 20/3 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir óleyfilegt bifreiðastæði.

- 1954 3/5 í Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 30. gr. lög-reglusamþykktar.
- 1958 3/3 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
- 1959 30/6 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
- 1961 16/3 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á umferðar-lögum.
- 1965 13/5 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á umferðar-lögum.
- 1968 13/8 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 4., 5. og 65. gr. umferðarlaga.
- 1972 7/4 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir verðlagsbrot, 3. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 54/1960.

Í kærubréfi verðlagsstjóra, dagsettu 12. desember 1974, segir: „Með tilkynningu Nr. 39/1974, dags. 30. okt. sl., auglýsti verð-lagsnefnd nýtt hámarksverð á brauðum, vinarbrauðum og tví-bökum, jafnframt var verðlagsstjóra falið að leyfa nýtt verð á öðrum tegundum brauða og kökum í samræmi við hækkun þá, er leyfð var á hámarksverðinu, og fékk Landssamband bakara-meistara nýjan verðlista samþykktan 31. október s.l.

Verðlagseftirlitinu fóru að berast kvartanir um það, að bakarí-ið Háaleitisbraut 58-60, eigandi Hermann Bridde, seldi snúða á kr. 20.00 pr. stk. í stað kr. 16.00 og rúnnstykki m/birki á kr. 15.00 pr. stk. í stað kr. 10.00, eins og verðlistinn segir til um. Eftirlitsmenn vorir hafa ítrekað áminnt eigandann um að fara eftir auglýstu verði, án árangurs, þar sem stöðugt bárust kvart-anir til verðlagsskrifstofunnar, því fóru tvær stúlkur frá eftir-litinu þann 11. des. s.l. til að sannreyna verð og keyptu þar tvo snúða og var gert að greiða fyrir þá kr. 40.00 í stað kr. 32.00 og tvö rúnnstykki m/birki á kr. 30.00 í stað kr. 20.00, sem var hæst leyfilegt verð. Hefur nefnt bakarí því selt á ólöglegu verði, frá því að verðlistinn var samþykktur og til dagsins í dag, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar“.

Bréfið barst formanni dómsins í hendur 16. s. m. Tveim dög-um síðar, eða 18. þ. m., var ákærði kallaður fyrir dóm.

Ákærði kvaðst mótmæla báðum kæruatridunum sem röngum og skýrði síðan svo frá, að eftir gildistöku verðskrárinnar frá 31. október s. á. hefðu verið á boðstólum í bakaríi hans snúðar með sykri á kr. 16.00, snúðar, sem væru allt að 100 g í stað 45--50 g, sem verðskráin gengi út frá. Einnig kvaðst ákærði hafa sam-

kvæmt ósk viðskiptavina sinna til sölu snúða með súkkulaði fyrir kr. 20.00. Ákærði sagði súkkulaðið dýrt, eða kosta kr. 43.70 hver 100 gr. Í hvern snúð færu 5 g, sem kostuðu um 2 kr., auk þess sem hann hefði kostnað af vinnu og öðru við lögun súkkulaðiþráðinnar. Ákærði kannaðist ekki við að selja „rúnnstykki með birki“, heldur birkibrauð, sem væru 83 g að þyngd í stað 42 g, sem áðurgreindur verðlisti gerði ráð fyrir og kostuðu 9 kr. stykkið. Að lokum kannaðist ákærði við, að eftirlitsmenn frá verðlagsstjóra hefðu haft samband við sig og hefði hann reynt að benda þeim á framangreindar staðreyndir varðandi þyngdir.

Eftir að ákæran var birt í dómi 7. maí 1975, lýsti ákærði því yfir, að hann teldi sig ekki hafa framið verðlagsbrot, þar sem hann teldi, að viðskiptavinir sínir hefðu borið meira úr bítum en gert var ráð fyrir í verðlagsákvörðun yfirvalda, sem miðuðu verðákvörðun sína við ákveðna þyngd frá viðmiðun árið 1951 eða 1953, en þessar vörur væru þyngri hjá sér. Ákærði kvaðst hafa haldið áfram að selja snúða á kr. 20 til 1. s. m., er sölu-skattur var afnuminn og „hefðbundna verðlagssnúða“ á kr. 16.00. Ákærði kvaðst ekki, eftir að hann sótti dómþing 18. desember 1974, hafa selt venjuleg rundstykki (súpurundstykki), nema eftir pöntunum svo og á sunnudögum og þá á kr. 9 pr. stykki. Ákærði kvaðst ekki muna, á hvaða verði hann hefði selt birkibrauð, eftir að hann kom síðast fyrir dóm.

Ákærði kvaðst ekki geta með nokkru móti sagt um, fyrir hve háa upphæð hann hefði selt snúða með súkkulaði á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí. Ekki gat hann heldur sagt til um, fyrir hvað háa upphæð hann hefði selt birkibrauð á sama tímabili.

Þeir tveir starfsmenn verðlagsskrifstofunnar, sem gerðu á sínum tíma könnun hjá ákærða, komu báðir fyrir dóm 4. júní s. á.

Vitnið Sigríður Inga Sturludóttir ritari, Borgarholtsbraut 36, Kópavogi, fædd 16. júní 1954 í Reykjavík, minntist þess að hafa í næstliðnum desembermánuði farið í eftirlitsferð í bakarí ákærða ásamt Þóreyju Sigurðardóttur. Þær keyptu þar snúða og rundstykki. Ekki mundi vitnið, hvaða verð þeim var gert að greiða, en það var hærra en leyfilegt var. Ekki mundi vitnið, hvort á boðstólum voru fleiri en ein tegund af snúðum eða hvað var ofan á þeim. Ekki minntist vitnið þess, að rundstykkinn hefðu verið öðruvísi en gerðist og gengi í bakaríum borgarinnar. Vitnið sagði, að beðið hefði verið um rundstykki með birki.

Verjandi ákærða hafði við vitnaleiðsluna meðferðis 6 tegundir af smábrauði og rundstykkjum og óskaði eftir, að vitnið væri

spurt, hvort það gæti bent á þá tegund, sem keypt var. Ekki gat vitnið það.

Pórey Sigurðardóttir eftirlitsmaður, Holtsgötu 24, fædd 19. janúar 1934 í Arnarfirði, kvaðst hafa farið í eftirlitsferð í bakarí ákærða ásamt vitninu Sigríði Sturludóttur næstliðinn 11. desember. Þær keyptu þar 2 snúða og var gert að greiða fyrir þá kr. 40.00 í stað kr. 32.00 og tvö rundstykki með birki, sem þeim var gert að greiða fyrir kr. 30.00 í stað kr. 20.00. Vitnið mundi ekki, hvað var ofan á snúðunum eða hvort á boðstólum voru fleiri tegundir af snúðum. Rundstykkinn með birkinu kvað vitnið hafa verið eins og önnur slík stykki með birki í öðrum bakaríum. Ekki gat vitnið sagt til um, hvert ofangreindra 6 brauða það keypti hjá ákærða, en kvaðst örugglega geta útilokað það allra minnsta.

7. maí 1975 ritaði dómurinn verðlagsstjóra svohljóðandi bréf: „Með bréfi, dagsettu 12. desember s.l., var dóminum send kæra á bakarí ákærða í framangreindu máli vegna of hás verðlags á snúðum og runnstykkjum með birki. Með kærinni fylgdu tveir verðlistar Landssambands bakarameistara, dagsettir 1. og 31. október 1974, sem samþykktir hafa verið af verðlagsyfirvöldum. Listar þessir bera ekki með sér, sbr. hins vegar tilkynning yðar um verð á brauðum nr. 32/1974, hvort gengið er út frá tiltekinni þyngd á þargreindum vörutegundum, sem verðið er miðað við. Þess vegna er óskað upplýsinga um, hvort svo sé og hver sú þyngd sé. Einnig er óskað upplýsinga um, hvort sama regla gildi um snúða og runnstykki með birki og brauð, að séu þessar vörutegundir bakaðar með annarri þyngd en gengið er út frá, megð verðleggja þær í hlutfalli við skráð verð á framangreindum verðlistum. Loks er vegna framburðar ákærðu óskað eftir upplýsingum um, hve þung snúðar þeir og runnstykki voru, er verðlags-eftirlitsmenn keyptu 11. desember s.l. í bakarí ákærða að Háaleitisbraut 58-60“.

Verðlagsstjóri svaraði bréfinu 9. s. m., og í því segir:

„Brauðvörur þessar voru óháðar verðlagsákvæðum fram að verðstöðvun 1970, en eftir þann tíma var óheimilt að hækka þær, nema með leyfi verðlagsnefndar og fylgdu þá jafnan sömu prósentuhækkun, sem leyfð var hverju sinni á hámarksverði brauða. Á meðan nefndar vörur voru verðlagðar af bókunum sjálfum, var ekki tekið fram um ákveðna þyngd, heldur voru verðin ákveðin pr. stykki, og hefur sú regla gilt hingað til, og því ekki um ákveðna þyngd að ræða, og lét verðlagseftirlitið því

ekki vigta umræddar vörur, enda minntist eigandinn ekki á það við eftirlitsmennina, að margnefndir snúðar og runnstykki væru sérstaklega þungir, heldur hélt hann því fram að þeir væru betri að gæðum hjá sér heldur en hjá öðrum framleiðendum“.

Í málinu hafa verið lögð fram ljósrít af bréfi verjanda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar héraðsdómslögmanns, til verðlagsstjóra svo og svarbréf verðlagsstjóra.

Bréf verjanda inniheldur 6 spurningar varðandi málið og bréf verðlagsstjóra svar við þeim. Spurningarnar og svörin eru á þessa leið

1. „Hvernig er undirbúningi að gerð listanna háttað?“

Svar: „Þegar verðlagsnefnd hefur samþykkt nýtt hámarksverð á brauðum og annarri framleiðslu bakara, sem er með auglýstu hámarksverði, er jafnframt samþykkt að heimila sömu prósentu-hækkun á aðrar tegundir brauða og kökur, sem Landssamband bakameistara fær þá staðfest hverju sinni, eftir að verðstöðvunarlögin tóku gildi, og Verðlagsstjóri gaf út tilkynningar nr. 31/1970 dags. 31. október 1970 og nr. 34/1970 dags. 25. nóvember 1970. Landssamband bakameistara sendi þá verðlagsstjóra verðlista sinn frá 25. október 1970“.

2. „Er yður kunnugt um forsendur listanna, svo sem efnasamsetningu og þyngd einstakra tegunda?“

Svar: „Landssamband bakameistara auglýsti hvorki þyngd né efnasamsetningu á verðlista sinn, á tegundum þeim, er um ræðir í kærú verðlagsstjóra, heldur aðeins stykkjaverð, og við það er kærán miðuð“.

3. „Lítið þér á verð það, sem á listum þessum greinir, sem hámarksverð, ákveðið skv. 3. gr. laga 54/1960, og ef svo er, hafa þá hámarksverð þessi verið birt skv. ákvæði 6. gr. s. 1.“

Svar: „Þegar verðstöðvunarlögin tóku gildi og með tilkynningu verðlagsstjóra nr. 31/1970 urðu öll verð á verðlista bakameistara sjálfkrafa að hámarksverði, þar sem óheimilt var að breyta þeim nema með samþykki verðlagsnefndar“.

4. „Hver er efnasamsetning og þungi (hámarks, lágmarks) þeirra brauð- og kökutegunda, sem falla undir heitin snúðar og rúnnstykki með birki á verðlistunum“.

Svar: „Þegar svarað í lið 2“.

5. „Er verðið á snúðum miðuð við: a) snúða án húðar, b) snúða með sykruhúð, c) snúða með glassúr, d) snúða með súkkulaði-hjúp eða e) snúða með annars konar húð og þá hvers konar?“

Svar: „Eins og verðlisti bakameistara ber með sér, er að-

eins um eitt verð á snúðum að ræða og ekki tekið fram, hvers konar húðun á þeim sé um að ræða, en til frekari glöggvunar skal tekið fram, að áður fyrr voru til sölu í velflestum bakaríum snúðar, ýmist með sykri og kanill, svokölluð sykruhúð, eða með glassúr, og þá ýmist hvítum eða lituðum glassúr, og allar tegundir á sama verði“.

6. „Er yður kunnugt um, á hvaða verði tegundirnar snúðar og rúnnstykki með birki voru seldar í verslun Hermanns Bridde, þegar verðstöðvunarlög tóku gildi á árinu 1970?“

Svar: „Eins og fram kemur í lið 1, sendi Landssamband bakarameistara verðlista meðlima sinna frá 25. október 1970, og hafi Hermann Bridde ekki verið meðlimur eða verið með annað verð á margnefndum snúðum og rúnnstykkjum eða jafnvel á allri sinni framleiðslu, þá hefur hann brotið í bága við tilkynningu verðlagsstjóra nr. 31/1970 og 34/1970, þar sem hann hefur ekki sent verðlagsstjóra sérstakan verðlista né sótt um hækkun í framleiðslu sinni, frá því að verðstöðvunarlögin tóku gildi“.

Vitnið Gísli Ólafsson, framkvæmdastjóri Landssambands bakarameistara, Bergstaðastræti 48, fæddur 21. nóvember 1898 að Gamla-Hrauni við Eyrarbakka, kom fyrir dóm 8. nóvember sl. Þá segir vitnið í dóminum, að það hafi verið í núverandi starfi í um 10 ára bil.

Vitnið upplýsir, að Landssamband bakarameistara hafi verið stofnað árið 1958 og byrjaði þá strax að gefa út lista af því tagi, sem lagðir hafa verið fram í málinu. Áður gaf Bakarameistarafélag Reykjavíkur út slíka lista. Sambandið gaf slíka lista síðan út reglulega, þar til því var hætt fyrir 1½—2 árum samkvæmt tilmælum verðlagsstjóra. Ástæðan til tilmæla verðlagsstjóra mun hafa verið sú, að hann vildi með því reyna að koma í veg fyrir samstöðu bakara um verð. Nú eru aðeins nokkrar vörur af listunum undir verðlagsákvæðum, þ. e. seydd rúgbrauð, normalbrauð, sigtibrauð og maltbrauð. Gefur verðlagsstjóri sjálfur út tilkynningu um verð á þessum brauðtegundum.

Vitnið er spurt um samþykkt frá 6. ágúst 1957 um þyngd á smábrauðum frá Bakarameistarafélagi Reykjavíkur. Vitnið segir, að þarna hafi nánast verið um að ræða leiðbeiningar til félagsmanna, þar sem á þessum tíma hafi gætt nokkurs misræmis um þetta hjá þeim. Ekki er til nýrri samþykkt um þetta efni. Ekki getur vitnið fullyrt, að þar greindar þyngdir hafi verið lagðar til grundvallar við útgáfu á verðlistum, sem áður er getið um.

Vitnið segir, að vafalaust sé, að verðlistarnir hafi upphaflega

verið gerðir í þágu félagsmanna, en ekki vegna verðlagsyfirvalda.

Vitnið segir, að upphaflega hugsunin með þessum listum hafi verið sú, að þarna væri um lágmarksverð að ræða til að fyrirbyggja, að bakarar byðu verðið niður hver fyrir öðrum.

Vitnið kveðst aðeins muna einu sinni eftir því, að sú kvöð hafi fylgt frá verðlagsstjóra, að verð á lista skyldu vera hámarksverð. Ekki man vitnið, hvenær þetta var, en telur sig geta fundið það í gögnum landssambandsins. Vitnið mun senda dóminum upplýsingar þar um. Vitnið kveðst vilja taka jafnframt fram, að kvöðin hafi ekki náð til lágmarksþyngdar.

Vitnið segir, að þrátt fyrir útgáfu verðlista landssambandsins hafi alltaf verið um einhvern verðmismun að ræða hjá bökurum að því er kaffibrauð varðaði. Vitnið kveðst hafa hugboð um, að frávikin hafi getað farið upp eða niður á við eftir því sem hent-
aði, þó að það geti ekkert fullyrt um það.

Vitnið segir, að stærð á rundstykki sé svo breytileg, að það geti ekkert sagt ákveðið um lágmarks- eða hámarksþyngd þeirra. Sama gildir um snúða auk þess sem mismunandi mikið er gert fyrir þá, svo sem hvað borið er í þá og á þá. Sama má segja um ýmsar aðrar kaffibrauðstegundir, svo sem tebollur.

Vitnið segir, að verðlagsnefndin hafi aðeins fjallað formlega um brauð, tvíbökur og vinarbrauð og jafnframt hafi verið gefin heimild til að hækka kaffibrauð um sömu prósentu og vinarbrauðin. Landssambandið færði þá fram verðið um þessa hlutfallstölu og lagði fyrir verðlagsstjóra til staðfestingar. Eftir að skrifstofa verðlagsstjóra hafði staðreynt, að verðframfærslan væri rétt, fékkst samþykkt fyrir verði á viðkomandi lista, og var landsambandinu tilkynnt þetta munnlega. Sambandið lét þá prenta listana og senda þá út til meðlimanna.

Í framhaldi af ofangreindri vitnaleiðslu afhenti vitnið formanni dómsins til ljósritunar 5 verðlista. Á listunum voru ekki neinir stimplar, áletranir eða staðfesting, sem bar með sér, að þeir stöfuðu frá verðlagsyfirvöldunum.

Eftir móttöku listanna skrifaði dómurinn Landssambandi bakrameistara svohljóðandi bréf 20. nóvember sl.:

„Dómurinn þakkar móttöku 8. þ. m. á verðlistum frá 5. ágúst 1940, 14. maí 1960, 11. janúar 1973, 5. apríl 1973 og 12. nóvember 1976.

Óskað er upplýsinga um:

1. Hvort listinn frá 12. nóvember 1976 er sá síðasti, sem sambandið gaf út.

2. Hvaða lista fylgdi sú kvöð frá verðlagsstjóra, að þargreint verð væri hámarksverð?

3. Er listinn frá 14. maí 1960 fyrsti listi Landssambandsins?“.

Svör við ofangreindum spurningum bárust með bréfi frá 23. s. m. Eru þau svohljóðandi:

1. „Svar: Já“.

2. „Svar: Sá frá 11. jan. 1973 eins og stendur á honum efst til hægri. En á næsta lista, sem er frá 5. apríl sama ár, stendur ekkert þar um“.

3. „Svar: Ég hefi ekki getað fundið eldri lista, sem sambandið hafi gefið út. Þetta gæti því verið sá fyrsti, enda er sambandið stofnað 1958, eins og áður er upplýst, og verðbreytingar voru varla eins örar þá og í seinni tíð“.

Eftir að vörn var lögð fram í málinu, taldi dómurinn nauðsynlegt að kalla ákærða enn fyrir dóm og spyrja hann m. a. frekar um ofangreinda lista, sem svo mjög hafa komið við sögu.

Ákærði kom á ný fyrir dóm 20. f. m. Þá kvaðst hann hafa verið meðlimur í Landssambandi bakameistara frá stofnun þess. Ákærði kvaðst ekki hafa verið þar í stjórn.

Ákærði kvaðst hafa fengið verðlista frá Landssambandi bakameistara og Bakameistarafélagi Reykjavíkur, sem dreift hefur verið til félagsmanna, en þeir listar hafi hvergi verið tæmandi, þar sem á boðstólum hafi verið ýmsar vörur, sem þar hafi ekki verið tilgreindar.

Ákærði sagði, að eftir að verðlagsskrifstofan fór að hafa veruleg áhrif á verðákvörðun á brauðum og auglýsti verð á nokkrum tegundum, hafi samtök bakameistara farið að gefa út verðlistana og samkvæmt mati ákærða hafi það eingöngu verið gert í leiðbeiningarskyni.

Ákærði kvaðst ekki geta sagt um, hvenær verðlagsskrifstofan birti fyrst verðákvörðun á nokkrum brauðtegundum, og kveðst hafa leitast við að fylgja auglýstu verði frá verðlagsskrifstofunni og jafnframt lista bakameistara að svo miklu leyti sem það hefði verið hægt, en bakameistarar hafa ekki verið á einu máli, hvernig túlka bæri stöku nöfn á listanum.

Ákærði sagði, að sama vinna væri við að framleiða venjuleg rundstykki, hvort sem þau væru stór eða smá, og jafnlangan tíma taki að baka þau, en mismunur á efniskostnaði (hveiti) væri hverfandi. Hins vegar væri öll önnur vinna við rundstykki með birki, því að þá þurfi að setja á hvert einstakt stykki efni

til að festa birkið með, sem í þessu tilfelli væri uppleyst egg, og síðan þyrfti að þrýsta hverju einstöku stykki ofan í birki.

Ákærði benti á, að það skipti meira máli í sambandi við kostnaðarverð framleiðsluvöru, hvaða efnistegundir fara í hana heldur en stærðin.

Ákærði kvaðst hafa litið þannig á, að þar sem í verðlista frá 31. október 1974 væri talað um rundstykki með birki, hefði verið átt við slík stykki af einföldustu blöndu, þ. e. a. s. hveiti, ger og vatn, en hann hefði litið þannig á, ef hann setti í þetta dýrari efni, svo sem egg, smjör og mjólk, hefði honum verið heimilt að selja það dýrara verði. Ákærði sagði, að sama deig væri í rundstykki með birki og birkibrauði og í deigi því af smábrauði, sem ákært væri fyrir, kvaðst ákærði hafa notað alla tíð mjólk, smjör og egg, eggjahvítubætt hveiti (11—14%), sykur og salt.

Ákærði óskaði að taka það fram, að teldi verðlagsskrifstofan sig geta ákveðið verð á rundstykkjum, ætti hún að segja til um, hvað bera ætti í þau.

Ákærði sagði, að sér væri allsendis ókunnugt um, að Landsamband bakameistara hefði sent inn lista, eftir að verðlagsyfirvöld hafa ákveðið verð á nokkrum brauðtegundum, sem þau hafa auglýst sérstaklega. Hins vegar sagði ákærði, að sér hefði verið kunnugt um, að haft hafi verið símasamband við verðlagsskrifstofuna út af einum lista, sem ákærði man ekki, hver var.

Ákærði kvaðst aldrei hafa fengið senda neina verðlista frá verðlagsskrifstofunni eða landssambandinu. Hins vegar hafi hann látið sækja þá og þá oft mörgum dögum eftir að verðlagsstjóri hefði ákveðið nýtt verð á brauðtegundum.

Ákærði kvaðst ekki þekkja þá venju, sem skapast hefði, að landssambandið sendi inn á verðlagsskrifstofuna til staðfestingar verðlista, áður en þeir væru prentaðir til dreifingar.

Ákærði kvaðst aldrei hafa sent til verðlagsstjóra eftir árið 1969 umsókn um neins konar verðhækkun á vörum sínum og aldrei hafa sent verðlagsstjóra skrá um verð á vörum sínum og reyndar aldrei hafa haft nein bréfaviðskipti við hann.

Ákærði taldi sig sem meðlim landssambandsins vera bundinn af lögum þess og ákvörðunum löglega kjörinnar stjórnar þess.

Ákærði gat ekki svarað því í krónum, á hvað hann seldi þær vörutegundir, sem kært var út af í októbermánuði 1974, sbr. verðlista frá 1. og 31. október 1974, en það hafi verið hærra en fram kemur á listanum frá 1. október og hann hafi alltaf verið með hærra verð á rundstykkjum með birki. Ákærði kvaðst hafa

hækkað verðið á þeim vörum, sem kært er út af, í sama hlutfalli og auglýstar leyfðar hækkanir.

Loks kvaðst ákærði ekki geta sagt um, hvenær honum barst í hendur verðlistinn frá 31. október 1974.

Eins og rakið hefur verið, liggur játning ákærða fyrir fyrir því að hafa selt snúða og smábirkibrauð á því verði, sem í ákæru greinir. Þrátt fyrir ofangreinda játningu hefur verjandi ákærða krafist sýknu fyrir hann af öllum kröfum ákæruvaldsins og að sér verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Sýknukrafan er studd eftirfarandi rökum í stuttu máli:

1. Hin almenna verðlagslöggjöf og lög nr. 64/1943 gera ráð fyrir, að ákvarðanir verðlagsyfirvalda skuli birtar. Það hafi í þessu tilfelli ekki verið gert með lögmætum hætti.

2. Þar sem vörur ákærða hafi verið þyngri og gæðameiri en venjulegar vörur sömu tegundar, hafi honum verið heimilt að selja þær hlutfallslega hærra verði, sbr. meginreglu um verð á brauðum, þar sem þyngd er lögð til grundvallar, en ekki einingar, sbr. þó vínarbrauð.

3. Að því er varðar bráðabirgðalög nr. 88/1974 er ósannað, að ákærði hafi hækkað ofangreindar vörur sínar meira hlutfallslega eftir þar greinda verðstöðvun en hækkunum nam á listum Lands sambands bakarameistara.

Í 3. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda er boðið, að „opinber verðlagsákvæði“ skuli birt í Lögbirtinga blaði, og í 6. gr. laga nr. 54/1960 segir: „Allar verðlagsákvæðanir, sem samþykktar eru af verðlagsnefnd, skulu birtar þegar í stað og ganga í gildi þar til öðruvísi verður ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar þannig, að þær verði kunnar almenningi á því verðlags svæði, er þær ná til.“

Í 7. gr. fyrrgreindu laganna segir, að fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, megi ekki beita fyrr en birting samkvæmt 1. og 2. gr. laganna hafi farið fram, þ. e. í Stjórnartíðindum. Hins vegar segir ekkert um það í lögnum, hverju það varði, sé vanrækt að birta tilkynningar, sem heima eiga í Lögbirtingablaði. Samkvæmt meginhugsun 1. gr. almennra hegningarlaga kemur ekki til álita að beita slíkum ákvæðum í refsingarskyni gegn þeim, sem af þeim ekki vita. Spurning er um þá, sem beinlínis vita um slíkar óbirtar ákvarðanir.

Ljóst er, að meðferð verðlagsyfirvalda á margnefndum listum

Landssambands bakarameistara fullnægir með engu móti birt-ingarskyldu ofangreindra lagaákvæða. Hins vegar er álitamál, hvort birtingin hafi verið nægjanleg, til að meðlimir sambands-ins hafi fengið fullnægjandi vitneskju um ákvarðanir verðlags-yfirvalda. Þá ber þess fyrst að geta, að listarnir báru ekki með sér með neins konar áletrun, staðfestingu, stimplun eða á annan hátt, að verðlagsyfirvöld hefðu farið um þá höndum eða þar væri um hámarksverð að ræða. Listarnir voru aðeins auðkenndir Landssambandi bakarameistara. Framkvæmdastjóri samtakanna hefur borið, að listarnir hafi upphaflega verið gerðir í leiðbein-ingarskyni fyrir félagsmenn. Ákærði hefur haldið hinu sama fram. Leggja verður þetta til grundvallar í málinu, þar sem óyggjandi upplýsingar eru ekki til um annað.

Að því er ákærða varðar hefur hann neitað því, að sér væri kunnugt, að listarnir hefðu að geyma opinber hámarksverð. Hann hefur þó kannast við afskipti verðlagseftirlitsmanna af verðlagn-ingu sinni, að hafa haft tvenns konar snúða á boðstólum og venju-leg rundstykki auk „smábirkibrauðs“ og hafi önnur tegundin af þessum kaffibrauðum verið á „verðlistaverði“, en hin ekki. Loks viðurkenndi ákærði við þingfestingu málsins að hafa haldið áfram sölu á snúðum á hinu hærra verði, eftir að hann kom fyrir dóm við rannsókn málsins. Ljóst er af þessu, að ákærði hefur, a. m. k. eftir að hann mætti í dómi við rannsókn málsins, vitað um ákvarð-anir verðlagsyfirvalda, þótt hann hafi lagt í þær annan skilning en þau. Þrátt fyrir þetta telur dómurinn ekki, sbr. meginreglu 108. gr. laga nr. 74/1974, unnt að leggja afgreiðslu verðlagsyfir-valda á verðlistunum að jöfnu við lögbirtingu í refsímáli, enda var hún eins formlaus og frekast mátti vera, og listarnir báru að jafnaði ekki þess merki, að þeir hefðu komið til kasta yfirvald-anna. Ber því að sýkna ákærða fyrir brot á 3. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 54/1960, enda verður eigi talið nægilega sannað, að ákærða hafi verið svo kunnugt um óbirtar ákvarðanir verðlagsyfirvalda, að það verði lagt til grundvallar refsíábyrgð.

Verðlagsstjóri hefur upplýst, að verð á þeim brauðvörum, sem ákært er út af, hafi verið óháð verðlagsákvæðum fram að verð-stöðvun 1. nóvember 1970, sbr. 1. gr. laga nr. 94/1970, bráðabirgðalög nr. 77/1971, lög nr. 94/1971, bráðabirgðalög nr. 40/1973 og bráðabirgðalög nr. 88/1974, sbr. lög nr. 13/1975, en eftir þann tíma hafi verið óheimilt að hækka þær nema með leyfi verðlagsnefndar, og fylgdu þær þá jafnan sömu prósentuhækkun, sem leyfð var hverju sinni á hámarksverði brauða.

Í tilkynningu verðlagsstjóra nr. 31/1970 frá 31. október 1970 segir:

„Samkvæmt heimild í lögum nr. 54 frá 14. júní 1960 hefur verðlagsnefnd ákveðið að frá og með 1. nóvember 1970 skuli óheimilt að hækka verð eða álagningu á hvers konar vörum og þjónustu nema leyfi Verðlagsnefndar komi til“. (Birt í 69. tölubl. Lögbirtingablaðs).

Þá segir í tilkynningu verðlagsstjóra nr. 34/1970 frá 25. nóvember 1970:

„Vegna framkvæmda hinna nýju laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis er hér með lagt fyrir alla framleiðendur iðnaðarvara að senda Verðlagsskrifstofunni nú þegar skrá um gildandi verð framleiðsluvara sinna, ásamt upplýsingum um, frá hvaða tíma það hefur verið í gildi, svo framarlega, sem slík skrá hafi ekki þegar verið send“. (76. tölubl. Lögbirtingarblaðsins).

Verðlagsstjóri hefur upplýst, að ákærði hafi aldrei, frá því verðstöðvunarlögin frá 1970 tóku gildi, sent sérstakan verðlista né sótt um hækkun á framleiðslu sinni. Ákærði hefur í dóminum kannast við, að þetta sé rétt. Hins vegar sendi Landssamband bakarameistara verðlista meðlima sinna frá 25. október 1970. Verðlagsstjóri hefur einnig upplýst, að eftir útgáfu ofangreindra tilkynninga hafi sá háttur verið á, eftir að verðlagsnefnd hefur samþykkt nýtt hámarksverð á brauðum og annarri framleiðslu bakara, sem er með auglýst hámarksverð, að heimila sömu prósentuhækkun á aðrar tegundir brauða og kaka, sem landssambandið fær þá staðfest hverju sinni.

Eftir að verðstöðvunin árið 1970 gekk í gildi, átti ákærði um þrjá valkosti að velja við sölu á framleiðslu sinni:

1. Að selja við óbreyttu verði.
2. Að sækja sjálfur um hækkun.
3. Að nýta sem félagi í Landssambandi bakarameistara þá hækkun, sem sambandið fékk, enda verður ekki með nokkru móti hægt að líta á sendingu landssambandsins á listunum til verðlagsyfirvalda og meðhöndlun þeirra á þeim nema sem hækkunarbeiðni og samþykki.

Óumdeilt er í málinu, að ákærði hefur aldrei sótt sjálfur um hækkun á framleiðsluvörum sínum, eftir að verðstöðvun tók gildi, og var honum því óheimilt að selja þessar vörur herra verði en aðrir meðlimir Landssambands bakarameistara. Þótt ekki sé upplýst, hvert verð ákærða var fyrir verðstöðvun 1970, skiptir það

ekki máli, þegar litið er á verðlagsþróunina í landinu á þessu tímabili. (Verð á snúðum á listunum hefur hækkað úr 5 í 16 kr. frá 25. október 1970 til 31. október 1974). Með sama hætti og seljendum varnings er frjálst almennt að selja undir hámarksverði eða að láta hjá líða að nýta hámarksálagningu var ákærða frjálst að gera betur við sína viðskiptamenn en almennt gerist með því að hafa varning sinn þyngri eða með því að bera meira í hann eða á hann. Hins vegar getur dómurinn ekki fallist á, að slíkt veiti honum rétt til að selja hvert stykki hærra verði en ákveðið er, enda væri þá óframkvæmanlegt að halda uppi verðlagseftirliti á varningi þeirrar tegundar, sem málið snýst um. Ákærði hefur því brotið gegn 11. gr. bráðabirgðalaga nr. 88/1974, sbr. lög nr. 13/1975, og unnið sér til refsingar samkvæmt 12. gr. laganna, sem telst hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð kr. 50.000. Greiðist sektin ekki innan 4 vikna, sæti ákærði varðhaldi í 5 daga.

Í ákæru var krafist upptöku ávinnings, sem ákærði hafði af brotinu. Ekki var tilgreind fjárhæð, enda hafði rannsókn málsins eigi leitt í ljós, hver ávinningur var. Þar eð ákæra fullnægir að þessu leyti eigi ákvæðum 115. gr. laga nr. 74/1974, og sbr. nú 9. gr. laga nr. 107/1976, ber að vísa kröfunni frá.

Dæma ber ákærða til að greiða sakarkostnaðinn, m. a. málsvarnarlaun Jóns Steinars Gunnlaugssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð kr. 125.000.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Bridde, greiði kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 5 daga.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m. a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð kr. 125.000.